

Grunnskóli Mýrdalshrepps 870 Vík í Mýrdal

Greinargerð með lokaverkefni í samkeppninni Reyklaus bekkur 2005-2006

Samkeppnin *Reyklaus bekkur* var notuð sem grundvöllur að lífsleikni kennslu í 7.-8. bekk skólaárið 2005-2006.

Nemendur fræddust um skaðsemi reykinga með ýmsum hætti. Grunnurinn að verkefninu sem hér fylgir er unnin út frá kennaraefni sem sent var í tengslum við samkeppnina jafnframt reyndum við að miða verkefnið út frá markmiðum samkeppninar sem koma fram í áður nefndu kennaraefni. Bekkurinn kom sér fljótt saman um slagorð fyrir sitt verkefni sem varð svo á endanum heiti á verkefninu. *Pótt þér finnist það flott þá er það ekki gott.*

Handrit að verkefninu var unnið í paraverkefnum. (sjá jafnframt fylgiskjal)

Eftirfarandi var leiðarljós í paravinnunni:

- Par 1 - Tannlos, gular tennur og fingur
- Par 2 - Minna úthald
- Par 3 - Óþægindi af völdum óbeinna reikinga
- Par 4 - Peningasóun
- Par 5 - Grá og óhrein húð, bólur eru líklegri
- Par 6 - Andfýla og vond lykt af húð og fötum

Út frá þessum viðfangsefnum spunnu nemendur handrit. Þvínæst var tekið til við myndsköpunina. Þau ákváðu fljótt að útbúa leirkarla og sviðsmynd í kringum þá. Hvert par útbjó persónur og leikmuni út frá sínum viðfangsefnum. Heildarleikmyndin var svo allsherjar hópvinna.

Þegar þessu var lokið hófust upptökur sem reyndust ansi tímafrekar. Lokavinnan fólst í að koma myndinni saman í heildstætt verk. Þessari vinnu skiptu nemendur einnig á sig. Lokaverkið var að semja viðeigandi tónlist og láta hana koma heim og saman við myndina.

Á geisladisknum er svo afraksturinn og jafnframt myndir af nemendum við vinnuna.

Þessi vinna gekk í heild afskaplega vel og skilað nemendum miklu. Þau voru mjög dugleg að vinna saman og ákveðin í að koma boðskapnum á framfæri. Þótt verkefnið væri tímafrekt að þá tel ég að tímanum hafi verið vel varið. Eftir standa fróðari krakkar um skaðsemi tóbaksins og stoltir af góðri vinnu og ekki síst samvinnu.